

**Mál nr. 460/2021****M og  
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 15.12.2021, ásamt fylgigögnum  
Bréf V dags. 18.01.2022, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 15. mars 2021, orðið fyrir slysi við störf hjá X. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að vinna á lyftara í vöruhúsi X. Ók hann lyftaranum aftur á bak og lenti í árekstri við annan lyftara sem var við störf í vöruhúsinu. Við áreksturinn hlaut M mikið högg og slasaðist. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með tölvupósti dags. 22. nóvember 2021.

M telur að X hafi vanrækt skyldur sínar þar sem fyrirkomulag á vinnustað hans hafi verið óforsvaranlegt og ekki samræmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Aðeins hafi verið heimilt fyrir einn að vera inni á umræddum gangi í vöruhúsinu samkvæmt þeim vinnureglum sem M var kunnugt um. Gangarnir séu örmjóir og augljóst að aðeins sé gert ráð fyrir einni vél inni í rýminu í einu. Vísar M til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja máli sínu til stuðnings. X hafi brotið gegn háttæmisreglum fyrrgreinda laga og reglna með því að gæta ekki að því að aðstæður á vinnustað væru þannig úr garði gerðar að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af notkun vinnuvéla.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og byggir á því að M hafi ekki fram á að atvikið verði rakið til saknæmrar háttsemi, saknæmrar vanrækslu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana. V hafnar því að aðeins hafi verið leyfilegt fyrir einn lyftara að vera á umræddum gangi hverju sinni. Hefur M ekki sýnt fram á að slíkar reglur hafi verið í gildi á lagernum þegar atvikið átti sér stað. Vísar V til almennra umferðarreglna og reglna X um umgengni og öryggi á lager. Telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að atvikið verði rakið til nokkurs annars en gáleysis M þegar hann bakkaði á lyftara án þess að gæta fyrst að umferð fyrir aftan sig.

**Álit.**

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Ekki hefur verið sýnt fram á að í gildi hafi verið sú regla að eingöngu einn lyftari í einu hafi mátt starfa á umræddum stað í vöruhúsinu eða að aðstæður á vinnustað hafi verið þannig úr garði gerðar að ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis eða góðs aðbúnaðar starfsmanna. M ók lyftara aftur á bak við störf sín í vöruhúsi X án þess að gæta að annarri umferð um vinnusvæðið. Samkvæmt vinnureglum sem í gildi eru á vinnusvæðinu ber öllum lyftara að vera vakandi fyrir umferð annarra lyftara. M gætti ekki að því og verður því að telja að áreksturinn megi rekja til þess að M hafi ekið aftur á bak án þess að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að líta svo á að slys M sé að rekja til sakar X. Tjón M er því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir